

**97. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 2. júní 2021 og hófst hann kl. 18:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Páll Gunnarsson, formaður.

**Fyrir tekið:**

**1. 2105198 - Viðburðir 2021**

Fríða Kristín Magnúsdóttir viðburðastjóri hjá Akraneskaupstaðar kynnir fyrir menningar- og safnanefnd viðburðahald framundan í sumar, þ.e. dagskrá sjómannaþingsins þann 6. júní, 17. júní og Írskra daga 1. til 4. júlí.

*Menningar- og safnanefnd þakkar Fríðu fyrir góða kynningu á fyrirhuguðum viðburðum í sumar. Nefndin er mjög ánægð með það sem framundan er.*

**2. 2104123 - Bæjarlistamaður Akraness 2021**

Menningar- og safnanefnd ákvað á fundi sínum þann 15. apríl sl. að opna fyrir rafrænar tilnefningar frá íbúum um bæjarlistamanna Akraness fyrir árið 2021.

Alls bárust 37 tilnefningar.

*Menningar- og safnanefnd vísar tilnefningu sinni um bæjarlistamann Akraness 2021 til bæjarráðs.*

**3. 2012219 - Styrkir til menningar- og íþróttamála**

Styrkumsókn Körfuknattleiksfélags Akraness í styrktarsjóð menningar- og safnamála fyrir árið 2021 misfórst milli sjóða menningarmála og íþróttamála og er því óafgreidd.

Umsóknin er lögð fyrir nefndina til afgreiðslu.

*Menningar- og safnanefnd getur ekki orðið við umsókn félagsins að svo stöddu.*

*Félaginu er bent á að efna til samstarf við Héraðsskjalasafn og Ljósmyndasafn Akraness varðandi einstaka verkþætti eins og skönnun og leit ljósmynda og aðrar sögulegar heimildir.*

**4. 2106014 - Umsókn um styrk vegna listasmíðju**

Styrkbeiðni Ernu Hafnes og Sigrúnar Þorbergsdóttur um skapandi listsmíðjur sem þær ætla að standa fyrir í júní og tengja við írskra daga.

*Menningar- og safnanefnd fagnar þessu frumkvæði og samþykkir fjárveitingu til verkefnisins að upphæð kr. 150.000.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15.**